

## Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2014

Aðalfundur Landsbankans hf. vegna ársins 2013 var haldinn miðvikudaginn 19. mars 2014 kl. 17:00 í Silfurbergi í Hörpu.

Fundurinn hófst með því að Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða.

Andri tók við stjórni fundarins og lagði til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Andri gerði grein fyrir því að fundurinn hefði verið auglýstur í Fréttablaðinu þann 26. febrúar sl. og á vefsíðu bankans og lýsti hann löglegan að öðru leyti. Mætt var fyrir eigendur hlutafjár að nafnvirði 23.515.326.184 kr. eða sem svarar til 99,27% heildarhlutafjár með atkvæðisrétti.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrá:

### 1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár

Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs, fjallaði í skýrslu sinni um eftirkost bankahrungsins og þær aðgerðir sem bankinn hefur gripið til á undanförnum árum í kjölfar þess. Hann sagði Landsbankann vera kominn á gott skrið eftir mikla vinnu undanfarin ár. Bankinn sé að ljúka þeim verkefnum sem fylgdu bankahruninu og í vaxandi mæli að búa í haginn fyrir framtíðina. Verkefnin hafi hins vegar reynst flóknari en margir vilja vera láta og álitaefnin fleiri en fyrirfram var talið. Kom fram að Landsbankinn lauk á síðasta ári leiðréttingu endurreiknings á um 18.000 lánum sem kváðu á um ólögmæta gengistryggingu, þar með talin bítlán, fasteignalán og lán til fyrirtækja.

Formaður bankaráðs skýrði frá því að verðmæti eigna til sölu í bókhaldi bankans hafi lækkað um rúma 100 milljarða króna frá árslokum 2010 þegar sá liður stóð í 128 milljörðum króna. Í árslok 2013 átti Landsbankinn virkan eignarhlut í nokkrum félögum og er að því stefnt að minnka hann verulega á næstunni. Stærstu eignarhlutirnir eru í Ístaki, Promens, Reitum, Eyri og FSÍ.

Þá vék hann að viðræðum við LBI um breytingar á skuldabréfum, en þau eiga að koma til greiðslu á árunum 2014-2018 miðað við núverandi skilmála. Kvað hann lausn þess máls hljóta að taka mið af heildarhagsmunum þjóðarinnar.

Tryggvi fjallaði síðan um stefnumótun og meginmarkmið Landsbankans. Áfram sé unnið að því að draga verulega úr rekstrarkostnaði og hækka þjónustutekjur. Bankinn hafi sett sér markmið um 10% arðsemi eiginfjár að lágmarki og að greiddur verði arður án þess að það komi niður á fjárhagslegum styrk bankans. Bankinn vilji láta meira að sér kveða við veitingu íbúðalána um allt land og sækja fram í eignastýringu, auk þess sem unnið sé að viðamiklum breytingum á útibúaneti og samskiptum við fyrirtæki. Hann rakti síðan hvernig til hefði tekist við að auka hagkvæmni í rekstri bankans með lækkun rekstrarkostnaðar.

Fram kom í ræðu formanns bankaráðs að það sé mat bankans að hagkvæmt sé að flytja starfsemi höfuðstöðva í húsnæði sem yrði sniðið að þörfum bankans og koma starfseminni undir eitt þak að stærstum hluta.

Þá gerði hann grein fyrir dreifingu hlutafjár til starfsmanna, skv. úthlutunarreglum bankaráðs og sjónarmiðum sínum um framtíðareignarhald á Landsbankanum. Lýsti hann því sjónarmiði að æskilegt væri að skrá Landsbankann á markað á næstu árum og að ríkið selji a.m.k. hluta af sinni eign. Hins vegar sé mikilvægt að ekki gildi önnur og meira íþyngjandi löggjöf um Landsbankann en um aðra viðskiptabanka sem eiga í beinni samkeppni við hann. Viðskiptabankarnir eigi að starfa að öllu leyti á jafnræðisgrundvelli og búa við sama lagaumhverfi, óháð eignarhaldi. Með það í huga skoraði bankaráð Landsbankans á Alþingi að færa ákvörðunarvald um starfskjör bankastjóra frá kjararáði aftur

til stjórnar bankans í samræmi við önnur lög og góða stjórnarhætti.

Bankaráð Landsbankans hefur sett sér það viðmið að Landsbankinn stefni að árlegri arðgreiðslu til hluthafa sem nemur að jafnaði meirihluta hagnaðar fyrra árs, að því fram kom hjá formanni bankaráðs. Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslu verði tryggt að bankinn viðhaldi sterki fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur á hverjum tíma um fjárhagsstöðu. Bankaráð leggi nú til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa sem nemir 0,84 krónum á hlut. Sú upphæð sé um 20 milljarðar króna sem jafngildir 70% af 28,8 milljarða króna hagnaði bankans á liðnu ári.

Í lok ræðu sinnar þakkaði formaður bankaráðs Bankasýslu ríkisins fyrir gott samstarf, svo og Fjármálaeftirlitini og Seðlabanka Íslands fyrir góð og fagleg samskipti. Einnig þakkaði hann bankastjóra og öllum starfsmönnum bankans fyrir markvissa vinnu.

## **2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar**

Steinþór Pálsson, bankastjóri, gerði því næst grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2013. Jafnframt fór hann yfir markmið og áherslur í starfsemi bankans á árinu 2013.

Fram kom að hreinar rekstrartekjur bankans uxu verulega milli ára þrátt fyrir lækkun á hreinum vaxtatekjum. Mikill viðsnúningur hafi orðið á virðisbreytingum og mynduðu þær tekjufærslu í fyrsta skipti í sögu bankans. Þá hækkuðu þjónustutekjur um 19% milli ára. Rekstrargjöld bankans lækkuðu að raunvirði um 10,1% milli ára og nam kostnaðarhlutfall ársins 42,9% sem þykir mjög gott í öllum samanburði. Bankastjóri fór síðan yfir þróun skatta sem námu um 12,3 milljörðum og þrefolduðust milli ára. Samtals nam hagnaður ársins um 28,8 milljónum og jókst um 13% milli ára.

Bankastjóri fjallaði síðan um stöðu efnahagsreiknings bankans í árslok 2013, en fram kom að eigið fé hafi aukist og eiginfjárlutfall styrkst á árinu. Vanskil umfram 90 daga voru 5,3% í lok árs samanborið við 8,3% ári fyrr.

Bankastjóri ræddi sérstaklega um virðisbreytingar útlána og vakti athygli á að þetta væri í fyrsta sinn sem tekjufærsla væri af þessum lið í uppgjöri bankans, en 85% af virðisaukningu vegna fyrirtækja hafi runnið til LBI frá árinu 2009 til ársloka 2012. Virðisbreyting útlána til einstaklinga hafi hins vegar verið neikvæð um 16,6 milljarða frá árinu 2009.

Þá fór bankastjóri að lokum yfir mikilvæga áfanga í rekstri bankans á árinu 2013, m.a. uppgjör skilyrta skuldabréfs gagnvart LBI, skráningu sértryggðra skuldabréfa, árangur af markaðsstarfi bankans, þróun útibúa og fleiri þætti.

Ársreikningurinn fyrir árið 2013, ásamt skýrslu endurskoðenda og skýrslu bankaráðs og bankastjóra, var að því búnu borinn undir fundinn og samþykktur.

## **3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári**


Lögð var fram eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs vegna næstliðins reikningsárs:

Bankaráð leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2013 sem nemur 0,84 krónum á hlut, sem samsvarar um 70% af hagnaði ársins. Miða skal við hlutaskrá í lok 19. mars 2014 og að útborgunardagur verði 26. mars 2014.

Tillagan var að því loknu borin undir fundinn og samþykkt.

## **4. Tillaga bankaráðs um starfskjara stefnu lögð fram til samþykktar**

Því næst var lögð fram tillaga bankaráðs um að aðalfundur samþykki eftirfarandi starfskjara stefnu:



## **Fundargerð Landsbankinn**

### **1. gr. Markmið**

Landsbankinn hf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, skal starfskjarastefna bankans lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

### **2. gr. Starfskjaranefnd**

Starfskjaranefnd Landsbankans er skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð hefur sett nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar.

### **3. gr. Starfskjör bankaráðsmanna**

Bankaráðsmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um þóknun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

### **4. gr. Starfskjör helstu stjórnenda**

Starfskjör helstu stjórnenda skulu vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fyrirtækjum á fjármálamarkaði og ákveðin í samræmi við lög, en þó ekki leiðandi.

### **5. gr. Breytilegir kjarapættir**

Landsbankinn hf. hefur ekki tekið upp kaupaukakerfi fyrir starfsmenn sína. Ef bankaráð hyggst taka upp slíkt kerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

### **6. gr. Upplýsingagjöf**

Landsbankinn gerir grein fyrir kjörum bankaráðsmanna og helstu stjórnenda bankans í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

### **7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira**

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal jafnframt tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans og borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar.



**Fundargerð**  
Landsbankinn

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftar en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar í fundargerðarbók frávík frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávík studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Starfskjarastefnan var borin upp og samþykkt.

**5. Tillögur til breytinga á samþykktum**

Fyrir fundinum lágu tillögur bankaráðs um eftirfarandi breytingar á samþykktum bankans í því skyni að samræma ákvæði þeirra við gildandi lög nr. 2/1995, um hlutafélög, lög nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki, og lög nr. 3/2006, um ársreikninga:

**a) Tillaga um breytingu á 3. mgr. 9. gr.**

3. mgr. 9. gr. orðist svo:

„Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafraent umboð og skal það dagsett.“

**b) Tillaga um breytingu á 4. mgr. 9. gr.**

4. mgr. 9. gr. orðist svo:

„Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.“

**c) Tillaga um breytingu á 2. mgr. 10. gr.**

2. mgr. 10. gr. orðist svo:

„Til aðalfundar skal boða með auglýsingu sem birt er í útvarpi og dagblöðum eða á annan sannanlegan hátt með skemmt tveggja vikna fyrirvara en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Þó má halda aðalfund sem boðaður er með skemmt einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé, samþykktja það fyrirfram skriflega. Fundarefnis skal getið í fundarboði.“

**d) Tillaga um breytingu á 1. mgr. 12. gr.**

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

„Aukafund skal halda þegar bankaráð telur þess þörf. Boða skal til aukafundar innan 14 daga ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni.“

**e) Tillaga um breytingu á 2. mgr. 12. gr.**

2. mgr. 12. gr. orðist svo:

„Til aukafunda skal boða með minnst viku fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara. Boða skal aukafundi með auglýsingu sem birt er í útvarpi og dagblöðum eða á annan sannanlegan hátt. Um lögmæti aukafunda skulu gilda sömu reglur og um lögmæti aðalfundar, sbr. 3. mgr. 10. gr.“

**Fundargerð**  
Landsbankinn

**f) Tillaga um breytingu á 1. mgr. 14. gr.**

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

„Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til bankaráðs með það löngum fyrirvara, að unnt sé að taka málid á dagskrá fundarins. Tilkynna skal um framboð til bankaráðs með minnst fimm daga fyrirvara.“

**g) Tillaga um breytingu á 2. mgr. 14. gr.**

2. mgr. 14. gr. orðist svo:

„Í fundarboði skal tilgreina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Víku fyrir hluthafafund (annan en aðalfund) hið skemmta skulu dagskrá og endanlegar tillögur lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu bankans. Tveimur vikum fyrir aðalfund hið skemmta (nema hluthafar sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé hafi samþykkt styttri boðunarfrest) skulu dagskrá, endanlegar tillögur, ársreikningur, samstæðureikningur, skýrsla bankaráðs, skýrsla endurskoðanda, og tillögur bankaráðs um starfskjálastefnu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu bankans og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Á sama stað skulu upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs ligga frammi tveimur dögum fyrir hluthafafundi.“

**h) Tillaga um breytingu á 2. mgr. 18. gr.**

2. mgr. 18. gr. orðist svo:

„Við kjör bankaráðsmanna skal horft til þess að tryggja að bankaráðið sem heild hafi yfir að ráða góðri pekkingu á bankastarfsemi. Jafnframt skal þess gætt að hlutfall hvors kyns, bæði meðal aðalmanna og varamanna, sé ekki lægra en 40%. Þá skulu hlutföll kynja í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Hafi framangreind kynjahlutföll ekki náðst í kosningu til bankaráðs á aðalfundi getur bankaráð boðað til hluthafafundar og lagt fram tillögu um nýja kosningu aðalmanna eða varamanna sem felur í sér að framangreindum kynjahlutföllum verði náð.“

**i) Tillaga um breytingu á 1. mgr. 22. gr.**

1. mgr. 22. gr. orðist svo:

„Á aðalfundi skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarþyrirtæki til eins árs í senn. Endurskoðandi skal rannsaka reikninga félagsins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal hann hafa aðgang að öllum bókum félagsins og skjölum í þeim tilgangi.“

**j) Tillaga um breytingu á 1. mgr. 24. gr.**


1. mgr. 24. gr. orðist svo:

„Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning bankans og samstæðureikning í samræmi við lög og góða endurskoðunarvenju. Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og samstæðureikninginn og skulu áritanirnar fylgja ársreikningnum og samstæðureikningnum.“

**k) Tillaga um breytingu á 2. mgr. 24. gr.**

2. mgr. 24. gr. orðist svo:

„Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur ásamt skýrslu bankaráðs skal sendur Fjármálaeftirlitini innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.“



## Fundargerð Landsbankinn

Tillögurnar voru afgreiddar í einu lagi og samþykktar samhljóða.

### 6. Kosning bankaráðs

Fyrir aðalfundinn var lögð tillaga um að eftirtaldir einstaklingar yrðu kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar.

Aðalmenn:

Tryggvi Pálsson  
Danielle Pamela Neben  
Eva Sóley Guðbjörnsdóttir  
Helga Björk Eiríksdóttir  
Jóhann Hjartarson  
Jón Sigurðsson  
Kristján Þ. Davíðsson

Varamenn:

Ragnar Lárus Gunnarsson  
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Jafnframt var lagt til að Tryggvi Pálsson yrði kosinn formaður bankaráðs.

Báðar ofangreindar tillögur voru samþykktar samhljóða.

### 7. Kosning endurskoðanda

Síðan var lögð fram tillaga um að aðalfundur myndi kjósa Ríkisendurskoðun sem endurskoðanda félagsins fyrir fjárhagsárið 2014.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

### 8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabili

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi:

Lagt er til að þóknun almennum bankaráðsmanna fyrir tímabilið fram til næsta aðalfundar skuli vera kr. 350.000 á mánuði, greitt í samræmi við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skal vera kr. 600.000 og þóknun varaformanns kr. 425.000 á mánuði. Þóknun til hvers bankaráðsmanns fyrir störf í undirnefndum bankaráðs skal vera kr. 100.000 á mánuði. Þóknun til varamanna skal vera kr. 175.000 fyrir hvern setinn fund, en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanna innan hvers mánaðar.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

### 9. Önnur mál

Þá var komið að liðnum önnur mál.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að ein tillaga hefði borist frá hluthafa. Sú tillaga hefði hins vegar ekki borist innan lögbundinna tímamarka og geti því ekki fengið afgreiðslu á fundinum sem bindandi ályktun.

## Fundargerð

Landsbankinn

Jóhann Ólafsson kvaddi sér hljóðs og lagði til að aðalfundur samþykkti eftirfarandi tillögu:

„*Aðalfundur Landsbankans 2014 haldinn 19. mars í Hörpu felur bankaráði að sjá til þess að bankinn selji þeim hluthöfum sem þess óska, aftur til baka þá hluti sem hver um sig seldi bankanum til að standa straum af sköttum og gjöldum vegna bréfanna. Að hluta eða að öllu leyti.*

*Gengi hlutanna verði það sama og i fyrrri viðskiptum og frestur til að ganga frá kaupunum verði fram að skráningu bréfanna í kauphöll eða til 1. september 2016, hvort sem fyrr kemur.“*

Jóhann gerði jafnframt nánari grein fyrir tillögu sinni.

Fundarstjóri tók fram að samþykkt fundarins á þessari tillögu gæti eingöngu verið leiðbeinandi fyrir bankaráð.

Ályktunartillagan var að því búnu borin upp en var ekki samþykkt.

Fleiri mál voru ekki rædd á aðalfundinum. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá skriflegri fundargerð og komu ekki fram athugasemdir við það fyrirkomulag.

Tryggi Pálsson, formaður bankaráðs, tók til máls í lok fundarins og sagði að tillaga Jóhanns Ólafssonar sýndi á vissan hátt traust til bankans og augljóst væri að starfsmenn vildu gjarnan geta keypt fleiri bréf í bankanum. Hann gerði síðan stuttlega grein fyrir hvernig staðið hafi verið að úthlutun hlutabréfa til starfsmanna af hálfu bankaráðs. Áhersla hefði verið lögð á að engin eftirmál yrðu af þessari afhendingu og fram hafi komið af hálfu fulltrúa starfsmanna að framkvæmdin yrði þannig að gert væri ráð fyrir sköttum strax í upphafi, en auk þess hafi verið gert ráð fyrir að þetta yrði bankanum að kostnaðarlausu.

Þá sagði hann tillöguna merki um áhuga á því að Landsbankinn fari á markað sem fyrst þannig að allir geti keypt bréf í bankanum.

Að lokum þakkaði hann fyrir hönd nýkjörlins bankaráðs traustið og sagði bankaráð myndi gera sitt ýtrasta til sinna sínu hlutverki. Einnig þakkaði hann fundarstjóra og gestum fyrir fundarsetu um leið og hann sagði fundi slitið.



Andri Árnason

fundarstjóri



Kristinn Briem

fundarritari